

# **Fuglalíf í Gálgahrauni og víðar á Álftanesi**

**Greinargerð vegna lagningar nýs Álftanesvegar,**

**unnin fyrir Hönnun h.f., verkfræðistofu**

**Reykjavík í júlí 1999  
Jóhann Óli Hilmarsson**

## Efnisyfirlit

1. Inngangur	3
2. Aðferðir og athugunarsvæði	3
2. Niðurstöður	4
3.1. Varpfuglar	4
3.1.1. Mófuglar	4
3.1.2. Aðrir varpfuglar	5
3.2. Vetrarfuglar	5
3.3. Umferðarfuglar	5
4. Svæði á Náttúruminjaskrá og skrá um Alþjóða mikilvæg fuglasvæði	6
5. Umræða	7
6. Valkostir	7
6.1. Valkostir vegagerðarinnar	7
6.2. Aðrar leiðir	7
7. Heimildir	8
Viðauki I. Niðurstöður sniðtalninga (tafla)	9
Viðauki II. Fuglatal	9

## Töflur

1. tafla. Þéttleiki mófugla í varpi á 100 m sniði	4
---	---

## 1. Inngangur

Á útmánuðum 1999 fór Hönnun h.f., verkfræðistofa, þess á leit við undirritaðan, að hann tæki að sér að vinna greinargerð um fuglalíf á fyrirhuguðu vegarstæði nýs Álftanesvegjar. Jafnframt að bera saman nokkra valkosti sem koma til greina við vegarlagninguna. Verkefnið er hluti af mati á umhverfisáhrifum vegna fyrirhugaðra framkvæmda á svæðinu. Aðalvalkosturinn við vegarlagninguna og sá sem að mestu var unnið eftir, er rétt rúmir 4 km að lengd, frá Engidal að Sviðholtsvegi (Grásteini).

Sérstök áhersla var lögð á að kanna varpfugla svæðisins. Lítillega var fylgst með umferð fugla um vorið, en annars var að mestu stuðst við heimildir um fuglalíf á öðrum hlutum árs. Nokkuð hefur verið ritað um fuglalíf á Álftanesi, bæði eitt og sér og svo í stærra samhengi og er þetta efni að finna í skýrslum og fjölrítum (t.d. Guðmundur A. Guðmundsson 1996, Ævar Petersen og Árni Davíðsson 1992, Kristinn Haukur Skarphéðinsson o.fl. 1994, Páll Hersteinsson o.fl. 1990). Mjög lítið er þó að finna nákvæmlega um það svæði sem þessi úttekt tekur til.

Kostir og gallar nokkurra valkosta eru metnir og bent á hvernig lagfæra megi leið A, svo hún raski fuglalífi sem minnst.

Ólafur Á. Torfason veitti góðfúslega upplýsingar um fuglalíf á Álftanesi, en hann hefur stundað þar fuglamerkingar undanfarin ár. Kristinn Haukur Skarphéðinsson fræddi undirritaðan um æðarvarp. Ólafur Einarsson renndi yfir handrit að skýrslunni. Starfsmönnum Hönnunar er þakkað fyrir liðlega samvinnu.

## 2. Aðferðir og athugunarsvæði

Farnar voru 4 vettvangsferðir. Hinn 30. apríl var farin skoðun með starfsfólki Hönnunar og öðrum sérfræðingum. Dagana 26. maí og 13. júní var talið á sniðum á leið A. Loks var farið á vettvang 11. júlí, meðfram úrvinnslu, m.a. til að skoða legu leiða B og C, o.fl.

Sniðtalningar voru framkvæmdar þannig, að veglínan (leið A) var notuð sem sniðlína. Hún hafði verið lögð út með hælum, sem oftast voru með 20 m millibili. Talið var á 100 m breiðu belti, 50 m til hvorrar handar (belti I) og síðan utan þess eins langt og aðstæður leyfðu (belti II). Allir fuglar voru taldir á belti I, en aðallega mófuglar á belti II, kríum í vörpum, fuglum á sjó o.þ.h. var sleppt. Tilgangur sniðtalninga var fyrst og fremst að kanna þéttleika og útbreiðslu varpfugla og eru niðurstöðurnar settar fram sem pör á ferkílómetra (hjá mófuglum).

Svæðinu er skipt í þrennt til hægðarauka. Lega og búsvæði ráða skiptingunni:

1) *Gálgahraun*, stöðvar 1-2120. Vel gróið og misúfið apalhraun. Fyrstu 400 metrar veglínunnar voru upphaflega taldir sér, en eru hér settir fram með öðrum hlutum hraunsins til einföldunar, vegna þess að fuglalíf þar var svipað því sem gerðist í hrauninu.

2) *Gálgahraun - Álftanesvegur*, stöðvar 2120-3000. Mólendi, vel gróið en sums staðar mikið beitt. Snertir sjávarfitjar (sjóargrundir) á kafla (nærri stöð 2200).

3) *Álftanesvegur - Sviðholtsvegur*, stöðvar 3000-3800 og síðan um 250 metra í norður og norðvestur frá fyrirhuguðu hringtorgi að Sviðholtsvegi og gatnamótum Bessastaðavegar. Á þessum hluta fylgir veglínan fyrst núverandi vegi, síðan tekur við

mólendi, framhald af mólendinu handan Álftanesvegjar. Norðan væntanlegs hringtorgs taka svo við framræst mýri og gömul tún.

### 3. Niðurstöður

#### 3.1. Varpfuglar

##### 3.1.1. Mófuglar

Í 1. töflu er sýndur þéttleiki og tegundasamsetning mófugla á veglínunni og í viðauka I er talningum á sniði á veglínunni gerð nánari skil. Í viðauka II er síðan upptalning og stutt umfjöllun um alla þá fugla sem vart varð við á athugunarsvæðinu eða upplýsingar eru til um.

**1. tafla. Þéttleiki mófugla í varpi á 100 m sniði.** Fuglar með varpatferli á 100 m sniði. Tekin er hærri talan úr sniðtalningum 26. maí og 13. júní. Snið 1 var 2120 m langt, flatarmál 0,212 km<sup>2</sup>, snið 2 var 880 m langt, 0,088 km<sup>2</sup>, snið 3 var 1050 m, 0,105 km<sup>2</sup>. Öll sniðin eru því 4050 m löng (0,405 km<sup>2</sup>).  
+ táknað að fugl með varpatferli hafi sést utan 100 m sniðs. Tölur eiga við varppör, tölur í sviga eru óðul/km<sup>2</sup>.

Fuglar	Snið 1 pör (pör á km <sup>2</sup> )	Snið 2	Snið 3	Samtals sniðin þrjú	Hund- raðshluti (%) allra sniða
Tjaldur		2 (23)	3 (29)	5 (12)	8,5
Heiðlóa	6 (28)	1 (11)	3 (29)	10 (25)	17,0
Sandlóa		1 (11)	1 (10)	2 (5)	3,4
Lóubræll	+	1 (11)	1 (10)	2 (5)	3,4
Hrossagaukur			1 (10)	1 (2)	1,7
Spói	2 (9)	1 (11)	2 (19)	5 (12)	8,5
Stelkur	1 (5)	1 (11)	5 (48)	7 (17)	11,9
Þúfutittlingur	11 (52)	4 (45)	3 (29)	18 (44)	30,5
Maríuerla	1 (5)			1 (2)	1,7
Steindepill	6 (28)			6 (15)	10,2
Skógarbröstur	1 (5)			1 (2)	1,7
Snjótittlingur	1 (5)			1 (2)	1,7
<b>Samtals</b>	<b>29 (137)</b>	<b>11 (125)</b>	<b>19 (181)</b>	<b>59 (146)</b>	<b>100,2</b>

*Ath.* Auk þess munu rjúpur verpa í hrauninu, svo og ein hrafnshjón, en þau eiga oftast óðal sitt í Gálgakletti (Ólafur Á. Torfason).

Alls fundust 59 mófuglapör á samanlögðu sniðinu eða 146 pör miðað við ferkílómetra. Þessi þéttleiki er í góðu meðallagi, borið saman við sambærileg svæði sem upplýsingar eru til um (óbirt samantekt um þéttleikamælingar). Fjölbreytnin var mest í Gálgahrauni, en þéttleikinn mestur á vestasta hlutanum, frá Álftanesvegi að Grásteini. Í Gálgahrauni eru fuglar sem líklega verpa lítið sem ekkert annars staðar á Álftanesi og eru reyndar óalgengir á auðum svæðum í þéttbýli: rjúpa, steindepill, hrafn og snjótittlingur (sbr. Guðmund A. Guðmundsson 1996). Þúfutittlingur var langalgengasti mófuglinn, en næst honum komu heiðlóa, stelkur og steindepill. Mest

var af stelk í mýri og túnnum við Kirkjubrú, en steindepill var eingöngu í Gálgahrauni. Athygli vekur fæð hrossagauka, þeir eru mun algengari annars staðar á Álftanesi (GAG 1996). Sennilega eru þeir vantaldir, en fáir fuglar skila sér jafn illa í sniðtalningum og hrossagaukur.

### 3.1.2. Aðrir varpfuglar

Algengustu varpfuglar, fyrir utan mófugla, eru grágæs, æður, sílamáfur og kría (sjá Viðauka II).

Í sniðtalningu 26. maí var áætlað að 6 grágæsarpör yrpu á sniðinu, en fleiri gæsir saúst, sem ekki voru varplegar. Ólafur Á. Torfason áætlaði að 10–15 pör yrpu í Gálgahrauni og grennd. Hinn 11. júlí saúst alls 128 grágæsir, auk 7 para með unga og 1 heiðagæs á Lambhúsatjörn útaf Selskarði.

Slæðingur eða fáeinir tugir æðarfugla verpa vestan Gálgahrauns, í landi Hausastaða, Grjóta og Selskarðs. Varpið í landi Selskarðs er ekki nytjað og engin merki um að hlúð sé að því, þvert á móti. Þar eru hross í girðingu, sem væntanlega spilla varpinu fremur en hitt. Mikið af æðarfugli heldur til á Lambhúsatjörn og fjöldi kollna með unga sátu uppi á sjávarfitjunum við tjörnina á flóði 13. júní s.l.

Sílamáfur er algengur varpfugl í Gálgahrauni, þar sem um 200 pör munu verpa. Varpið er mest milli stöðva 800 og 1800. Það hefur verið nokkuð stöðugt síðan 1990 (Páll Hersteinsson o.fl. 1990, Ólafur Á. Torfason, munnl. uppl.). Örfá (1-3) silfurmafspör verpa innan um sílamáfana. Innan girðingar í landi Selskarðs er slæðingur af sílamáfi, um 40-50 pör.

Tvö kríuvörp eru í næsta nágrenni við fyrirhugaða veglínu (leið A). Annað er í svonefndum Gálgamóum, norðan núverandi vegar, vestan Gálgahrauns. Er það varlega áætlað um 150–200 pör að stærð. Varp þetta teygir sig yfir veginn og uppi Garðaholtið. Leið B mundi liggja yfir þetta varp. Annað varp er á eiðinu milli Skógtjarnar og Lambhúsatjarnar, vestan núverandi vegar og teygir það sig meðfram Skógtjörn að byggðinni. Varlega áætlað er stærð þess um 400 pör og fer það stækkandi. Guðmundur A. Guðmundsson áætlaði um 230 varppör þarna 1996. Eitthvað af hettumáfi verpur innan um kríuna.

### 3.2. Vetrarfuglar

Fuglalíf að vetrarlagi er fremur fáskrúðugt á athugunarsvæðinu. Talsvert af fuglum heldur sig á Lambhúsatjörn og við Eskines þegar sjór er auður. Þetta eru aðallega andfuglar eins og stökkönd, æðarfugl og toppönd, svo og máfar. Sendlingar og tildrur sjást í fjörum. Sama má segja um Skógtjörn, þar halda til álfir og stelkar á hverjum vetri, auk þeirra fugla sem á undan er getið. Um jólaleytið ár hvert eru fuglar taldir með strandlengju á Innnesjum. Þessar talningar hafa staðið síðan 1952 og er gögn að finna á Náttúrfræðistofnun. Ekki þykir ástæða til að kryfja þær til mergjar hér. Fuglar á veglínu eru mest snjótittlingar og aðrir þeir fuglar sem kunna að hænast að mannabústöðum á veturna.

### 3.3. Umferðarfuglar

Mikil umferð svonefndra umferðarfugla er um Álftanesið vor og haust. Þetta eru fyrst og fremst fuglar á leið milli varpstöðva á Grænlandi og Íshafseyjum Kanada og vetrarstöðva á Bretlandseyjum og á meginlandinu. Stundum er talað um

bensinstöðina Ísland og er þá átt við að þessir fuglar safni hér orku fyrir erfitt farflug yfir opið haf og jafnframt er fitusöfnun að vorlagi nauðsynleg fyrir framgang varps á norðurslóðum, þar sem sumarið er stutt. Auk þess hafa íslenskir fuglar á leið til og frá varpstöðva viðkomu á nesinu.

Álftanesið er frægt fyrir margæsirnar, en um 1500 fuglar dvelja þar um mánaðarskeið á hverju vori og fer þeim fjölgandi. Þetta eru milli 5 og 10% af stofni kviðljósu margæsanna (*Branta bernicla hrota*). Færri gæsir dvelja á nesinu á haustin og dreifist viðvöl þeirra yfir lengri tíma. Gæsirnar sækja sér æti bæði á sjó (marhálmur), í fjörum (fitjungur) og á tún (túngresi). Þessi viðdvöl gæsanna vegur þungt í að setja Álftanesið á skrá um alþjóðlega mikilvæg fuglasvæði. Annar umferðarfugl sem er algengur á Álftanesi er rauðbrystingur. Auk þess sjást blesgæs og helsingi, auk heiðagæsar og grágæsar, tildra og sanderla, auk sandlóu, lóupræls, stelks o.fl.

Það eru fyrst og fremst fjörur, grunnsævi og sjávarfitjar sem eru mikilvæg fyrir þessa fugla. Fyrirhuguð veglína A fer of nálægt fitjum við Lambhúsatjörn. Verði hún sveigð fjær fjörunni eins og lagt er til hér á eftir, ættu áhrif vegarins að verða óveruleg á umrædda fugla.

#### 4. Svæði á Náttúruminjaskrá og skrá um Alþjóðlega mikilvæg fuglasvæði

**1) Gálgahraun.** Hraunið er ósnortið, sennilega stærsta hraunið sem enn er ósnortið í miðju þéttbýlinu á Innnesjum og verndargildi þess ótvírætt sem slíkt. Gálgahraun er á Náttúruminjaskrá, en þar segir (7. útg. 1996): „Gálgahraun er tilkomumikið nútímahraun með lífauðugum sjávarfitjum. ... Hraunið er kjörið útivistarsvæði” og yrði eftirsjá, ef því yrði spillt að marki. Það mun ætlun Garðbæinga, að bæjarfriða landið norðan væntanlegs Álftanesvegjar (sjá Aðalskipulag Garðabæjar 1995–2015).

**2) Fjörur og grunnsævi.** Fjörur Lambhúsatjarnar og Skógtjarnar og reyndar tjarnirnar sjálfar, sem teljast votlendi skv. skilgreiningu Ramsar-sáttmálans, eru á Náttúruminjaskrá, Skrá um alþjóðlega mikilvæg fuglasvæði (IBA) og Votlendisskrá. Þetta er því afar mikilvægt svæði fyrir fugla (Náttúruminjaskrá 1996, Ólafur Einarsson 1997, Anon 1975).

#### 5. Umræða

Hér verður fjallað um leið A og spelina þrjá, sem undirritaður kaus að skipta henni í.

1) Gálgahraun er vel gróið apalhraun, fjölbreytt að gerð og lítt raskað. Í hrauninu er fjölbreytt fuglalíf, en þó ekki einstætt. Náttúruverndargildi hraunsins er tíundað hér á undan. Sjávarfitjar uppaf fjörunni umhverfis hraunið eru aftur á móti sérstæðar og mikilvægar fyrir fugla, eins og fram kemur í umfjöllun um 2. spölinn.

2) Þessi hluti leiðar A er sá viðkvæmasti og lega hans reyndar óásættanleg. Þarna liggur veglína allt of nálægt fjörunni og fitjunum upp af henni við syðsta hluta Lambhúsatjarnar. **Nauðsynlegt er að hliðra veginum talsvert sunnar á þessum kafla, ef leið A verður valin.**

Lambhúsatjörn, sem og aðrar fjörur og grunnsævi í Skerjafirði hefur alþjóðlegt verndargildi, en mjög hefur verið gengið á þetta kjörlendi á Innnesjum og nægir að nefna að Strandlengjan úr Gufunesi og útá Seltjarnarnes er meira og minna röskuð,

fyllt hefur verið uppí Gufunesvík, Elliðavog, Hvaleyrarlóni verið raskað og svo mætti lengi telja.

Talsvert fuglalíf er í mounum sem veginum er ætlað að liggja um, en það er ekki einstætt.

3) Þetta er raskað land, hálfgróinn melur, grasmói, tún og framræst mýri. Nálægðin við Skógtjörn er mikilvæg. Ræstu mýrina mætti endurhæfa. Þar er enn að finna mýragróður eins og hófsóley, tjarnarstör, lófót, mara og horblöðku. Það litla votlendi sem enn finnst í þéttbýlinu á Innnesjum hefur talsvert gildi og ætti að vernda það eins og kostur er. Nú er hafin endurheimt votlendis hér á landi, en mikið hefur verið ræst fram og í sumum landshlutum eru innan við 10% votlendis óraskað (Jón S. Ólafsson o.fl. 1998). Allmikið varp er þarna, en engir sjaldgæfir fuglar eða fuglar í útrýmingarhættu.

## 6. Valkostir

### 6.1. Valkostir vegagerðarinnar

Settir eru fram þrjú valkostir fyrir veginn, leið A sem hér hefur verið unnið eftir, leið B, sem er aðeins sunnar, en fer um svipað land og leið A. Loks leið C, sem fylgir núverandi vegi mun meira, tekur aðeins lítinn sveig úti hraunið.

Kostir og gallar leiðar A hafa verið ræddir hér á undan. Leið B liggur það fjarri fitjunum við Lambhúsatjörn, að hún er ásættanleg. Hún liggur aftur á móti yfir kríuvarp, sem er vestur af Gálgahrauni og nær varp þetta suður fyrir veg og uppá Garðaholt. Gera má ráð fyrir að kríurnar muni færa sig um set, verði þessi leið valinn. **Leið C er langálitlegasti kosturinn**, bæði útfrá fuglaverndarsjónarmiði og náttúruverndarsjónarmiði almennt. Hann fylgir núverandi vegi að mestu leyti, tekur aðeins lítils háttar sveig úti hraunið austast. Þessi leið mundi því hlífa hrauninu að mestu, sem og landi í nánd við Lambhúsatjörn. Verði hraunið norðan vegar friðað, eins og gert er ráð fyrir í aðalskipulagi Garðabæjar, verður friðlandið stærra og öflugra með leið C, en öðrum leiðum.

Loks ber að geta göngustígs, sem skv. aðalskipulagi er ætlað að leggja mjög nærri eða ofaní fjörunni við Lambhúsatjörn. Full ástæða er til að skoða þessa staðsetningu nánar, í samræmi við það sem sagt hefur verið um mikilvægi fjöru og fitja við tjörnina.

### 6.2. Aðrar leiðir

Eigendur jarðarinnar Selskarðs hafa lagt fram tillögur um þrjár leiðir. Tvær þessara leiða gera ráð fyrir vegi frá vestasta hluta Gálgahrauns úti sunnanverða Lambhúsatjörn og í land aftur nærri fyrirhuguðu hringtorgi. Að mati undirritaðs koma þessar leiðir alls ekki til greina. Hér að framan voru tíunduð mikilvægi fjörunnar og fitjanna fyrir fugla, sérstaklega margæs, en einnig marga aðra fugla. Ein af röksemdum eigenda Selskarðs fyrir því að leggja veginn úti tjörnina er að vernda æðarvarp. Þess er getið annars staðar í skýrslunni, að þetta sé lítilfjörlegt varp, dúnn ekki nýttur, ekki hlúð að varpi, en hrossum beitt á landið. Lárus Ágúst Gíslason (1982) nefnir ekki dúntekju sem hlunnindi á Selskarði í bók sinni um hlunnindajarðir á Íslandi. Tveir staðkunnugir menn, sem undirritaður ræddi við, kannast ekki við dúntekju á þessum stað. Því vekur bréf Árna Snæbjörnssonar, Bændasamtökum

Íslands, frá því í apríl s.l. furðu, en þar gefur Árni í skyn að „um nokkurt æðarvarp“ sé að ræða. Þessi röksemd landeigenda fellur því um sjálfa sig.

Þriðji kosturinn sem jarðeigendur leggja til, að leggja veg frá Eskinesi úti Bessastaðanes, fyrir minni Lambhúsatjarnar, er svo fjarstæðukennd, að ekki tekur því að eyða orðum að henni.



## 7. Heimildir

- Anon [Arnþór Garðarsson] 1975. *Skrá um votlendi*. Votlendi, Rit Landverndar 4: 206-238.
- Guðmundur A. Guðmundsson 1996. *Fuglalíf í Bessastaðahreppi. Varpfuglar á nokkrum svæðum á Álftanesi 1996*. - Skýrsla unnin fyrir sveitastjórn Bessastaðahrepps. Náttúrufræðistofnun Íslands, 6 bls. + kort.
- Jón S. Ólafsson (ritstj.) 1998. *Íslensk votlendi, verndun og nýting*. - Háskólaútgáfan, Reykjavík, 283 bls.
- Kristinn Haukur Skarphéðinsson, Gunnlaugur Pétursson & Jóhann Óli Hilmarsson 1994. *Útbreiðsla varpfugla á Suðvesturlandi. Könnun 1987-1992*. - Fjölrit Náttúrufræðistofnunar Nr. 25, 126 bls.
- Lárus Ágúst Gíslason 1982. *Handbók um hlunnindajarðir á Íslandi*. - Leiftur h.f., Reykjavík, 334 bls.
- Náttúruverndarráð 1996. *Náttúruminjaskrá. Skrá um friðlýst svæði og aðrar náttúruminjar*. Reykjavík, 7. útgáfa, 64 bls.
- Ólafur Einarsson 1999. *IBAs in Iceland*. Í: M. F. Heath and M. I. Evans (ritstj.). *Important Bird Areas in Europe: Priority sites for conservation*. (Um Ísland í: Skrá um alþjóðlega mikilvæg fuglasvæði í Evrópu). - BirdLife International, Cambridge.
- Páll Hersteinsson, Arnór Þ. Sigfússon & Þorvaldur Þ. Björnsson 1990. *Varpstofn sílamáfs og tilraunaveiðar á máfum á Suðvesturlandi árið 1990*. - Sérít veiðistjóraembættisins nr. 1, Reykjavík, 20 bls.
- Ævar Petersen & Árni Davíðsson 1992. *Fuglalíf Bessastaða og nágrennis*. - Óbirt skýrsla fyrir Bessastaðanefnd. - Náttúrufræðistofnun, 65 bls.

**Viðauki I.** Niðurstöður sniðtalninga á leið A dagana 26. maí og 13. júní. Sniðinu er skipt í þrennt, 1) er Gálgahraun (stöð 1-2120), 2) er landið frá Gálgahrauni að núverandi Álftanesvegi (Sandskarð) og 3) er Álftanesvegur - Sviðholtsvegur. Hverju sniði er síðan skipt í tvennt, I eru fuglar á 100 m sniði, II eru allir fuglar utan þess. Tala ofan brotastriks eru fuglar með varpatferli eða hreiður (talið í þörum), fuglar neðan brotastriks eru aðrir fuglar (2/2 gæti því þýtt 2 þör með varpatferli og 2 fuglar í ætisleit).

	26.5.						13.6.						Athugasemdir
	1		2		3		1		2		3		
	I	II	I	II	I	II	I	II	I	II	I	II	
Álft				/1									
Grágæs	2/2		3/1	/3	1/18				/2	1/1	1/		
Stökkönd					/1	/2			/p		/3		
Æður			5+/ +	+	/5	+			6+/ +	+	1/		
Toppönd							/pa r						á flugi yfir
Tjaldur			2/	1/	3/1				2/		1/	1/	
Heiðlóa	3/12	4/1	1/	/1	1/		6/2	2/	1/	2/1	3/1	1/	
Sandlóa			1/						1/		1/		
Lóupræll		1/			/1			1/	1/		1/		
Hrossagaukur					1/				/1				
Spói	2/	3/	1/	2/	1/1		2/	1/	1/		2/		hreiður fannst 26.5.
Stelkur	/1				3/		1/	1/	/1		5/	1/	
Hettumáfur	/1	/2	/1		1/		/1						
Sílamáfur	+	+	+	+	1/		+	+	+	+			
Silfur máfur	1/	/1					/1	1/					
Kría		/+			53+/ +	+	/+				+/	+/	
Þúfuttlingur	11/1	2/	2/		2/		7/1	2/	4/		3/		3 m. æti f. unga 13.6.
Mariuerla	1/1												
Steindepill	6/	5/1					4/1	1/					2 m. æti f. unga 13.6.
Skógarpröstur	1/												
Stari						/40						/40	
Hrafn	/1	/par					/1						
Snjótittlingur	1/	2/					1/						

**Viðauki II.** Fuglatal, byggt á athugunum vorið og sumarið 1999, með fáeinum viðbótum. Fuglunum er raðað í skyldleikaröð. Þess má geta, að yfir 100 fuglategundir hafa sést á Álftanesi.

1. *Fýll*. Tveir á flugi yfir 30. apríl.
2. *Álft*. Sést á Lambhúsatjörn og Skógtjörn á flestum tímum árs.
3. *Grágæs*. Algengur varpfugl, hópar geldfugla og þör með unga halda til á og við tjarnirnar yfir sumarið.
4. *Heiðagæs*. Ein sást með grágæsnum á Lambhúsatjörn 11. júlí 1999.
5. *Margæs*. Umferðarfugl og ein af helstu perlum Álftaness. Heldur sig á tjörnunum og sækir mikið í jurtina sjávarfitjung uppaf fjörunni, sérstaklega á flóði. Fleiri tugir sáust 30. apríl á Lambhúsatjörn og á flugi yfir athugunarsvæðinu.

6. *Stökkönd*. Algengur varpfugl á Álftanesi og sést þar árið um kring. Slæðingur af stökkönd sást í sniðtalningum í maí og júní.
7. *Æður*. Algengur varpfugl. Stórt varp er í Bessastaðanesi. Heldur til árið um kring.
8. *Toppönd*. Þar sást í sniðtalningu. Strjáll varpfugla á Álftanesi, en algengur vetrargestur þar. *Ýmsar aðrar endur eru algengar á Álftanesi, t.d. urtönd, gargönd, rauðhöfði, skúfönd, duggönd og hávella.*
9. *Rjúpa*. Fágætur varpfugl í Gálgahrauni. Hefur sést með unga og eitt par sást í vor (Ólafur Á. Torfason).
10. *Tjaldur*. Einn af einkennisfuglum Álftaness og varpfugl. Fáein hundruð tjalda halda til yfir veturinn í fjörum.
11. *Sandlóa*. Algengur varpfugla á Álftanesi. Verpa utan Gálgahrauns. Farfugl sem heldur til í fjörum á fartíma vor og haust.
12. *Heiðlóa*. Algengur varpfugl, næst algengasti mófuglinn á athugunarsvæðinu. Sést oft í fjörum á fartíma á vorin.
13. *Rauðbrystingur*. Umferðarfugl sem fer um fjörunar vor og haust.
14. *Sendlingur*. Vetrargestur fyrst og fremst, algengasti vaðfuglinn í fjörum Álftaness á veturna.
15. *Lóupræll*. Strjáll varpfugl utan Gálgahrauns. Algengur fjöruflugl á fartíma.
16. *Hrossagaukur*. Strjáll varpfugl á athugunarsvæðinu (vantalinn?), en annars algengur á Álftanesi.
17. *Spói*. Strjáll varpfugl á öllu athugunarsvæðinu, sem og annars staðar á Álftanesi.
18. *Stelkur*. Algengur varpfugl, sérstaklega í votlendi, túnjöðrum og gömlum túnnum. Mest var af stelki í mýrlendi og túnnum við Kirkjubrú. Nokkrir tugir stelka þreyja þorrann og góuna í fjörum Álftaness og Hafnarfjarðar.
19. *Tildra*. Algengur umferðarfugl og vetrargestur í fjörum.
20. *Kjóí*. Mun hafa orpið í Gálgahrauni áður fyrr, en jafnan verið steipt undan þeim (Ævar Petersen & Árni Davíðsson 1992).
21. *Hettumáfur*. Eitt stærsta hettumáfsvarp landsins var til skamms tíma á Álftanesi, við Bessastaðatjörn, en máfarnir virðast nú vera að flytja sig um set, yfir á Ástjörn við Hafnarfjörð. Ekki varð mikið vart við hettumáfa í þessari könnun, en 1996 urpu 45 pör í kríuvarpinu norðaustanverða Skógtjarnar.
22. *Sílamáfur*. Algengur varpfugl í Gálgahrauni og Selskarði. Varpið þarna virðist hafa staðið í stað síðan 1990, þó sílamáfi fjölgi sums staðar á Álftanesi. Stærsta varpið er í Bessastaðanesi (Ólafur Á. Torfason, munnl. uppl., Páll Hersteinsson o.fl. 1990).
23. *Silfur máfur*. Ein til tvenn hjón verpa árlega í Gálgahrauni (Ólafur Á. Torfason). Ein hjón lentu innan sniðsins í hrauninu.
24. *Kría*. Algengur varpfugl og einstaklingsflesti fuglinn í grennd við veglínur A og B. Stærsta varpið á Álftanesi er sennilega við norðaustanverða Skógtjörn, og nær það inná veglínuna.
25. *Þúfutittlingur*. Algengur varpfugl. Vor og haust sækja þúfutittlingar talsvert í fjörunar.
26. *Maríuerla*. Strjáll varpfugl, ein hjón fundust í Gálgahrauni. Verpur aðallega í útihúsum og öðrum mannvirkjum á Álftanesi.
27. *Steindepill*. Algengur varpfugl í Gálgahrauni. Örfáir fuglar kunna að verpa í hlöðnum görðum annars staðar á Álftanesi.
28. *Skógarþröstur*. Einn syngjandi fugl var í Gálgahrauni, en þeir heyrðust syngja víða í görðum sunnan þess. Verpa helst í barrtrjám og á húsum á Álftanesi.

29. *Hrafn*. Fuglar sáust í Gálghakrauni, eitt sinn 2 saman. Ein hjón hafa orpið í Gálgakletti og e.t.v. víðar. Ólafur Á. Torfason taldi þá hafa orpið þar í vor.
30. *Stari*. Um 40 starar voru í túni við Kirkjubrú bæði 26. maí og 13. júní.
31. *Snjótittlingur*. Þrír syngjandi fuglar sáust í Gálghakrauni 26. maí, þ.a. 2 á sniðinu. Ekki er kunnugt um, að þeir verpi annars staðar á Álftanesi. Aftur á móti eru þeir algengir vetrargestir í fjörum og við hús og bæi.